



1, 10.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

Sept. 1906.

### Bergmál.

Þið vitið, hvað bergmál er,—börn. Eg er viss um, að þið flest hafið tekið eftir bergmálinu. Stundum þegar þið hafið værið úti og hafið kallað, þá hefur heyrst eins og tekið væri undir eða ykkur væri svarað. Eftir þessu hafið þið tekið.

Í fyrsta sinni, þegar þið heyrðuð þetta, þótti ykkur það undarlegt. Þið furðuðuð ykkur á því, hvað þetta gæti verið. Þið sáuð engan, en heyrðuð þó einhværn svara. Og svo kölluðuðuð þið aftur eða hóuðuð. En sama kallið kom aftur til ykkar eða hóið. Og röddin líktist ykkar rödd. Það var eins og verið væri að herma eftir ykkur. Þið tókuð eftir því. Og þá er liklegt, að þið hafið kallað: „Ertu að herma eftir mér?“ Og heyrðuð svo svarað: „’erma eftir mér?“ — Þá hafið þið kallað: „Pegiðu!“ Og svarið kom: „’egiðu!“ — Þá enn hærra og í byrstum róm: „Pegiðu, karl!“ Og svarað í sama róm: „’egið, karl!“

Nú hafið þið viljað fá að vita, hvað þetta væri. Þið hafið þá spurtt mömmu ykkar, og hún sagt ykkur, að þetta væri bergmál. Röddin ykkar sjálfrá bærist aftur til ykkar.

Það er gaman að bergmáli. Gaman að hlusta á, þegar vel tekur undir í skógi eða klettum. Og að syngja þá og heyra sungið alt í kring um sig. En þegar illa er sungið og talað er ljótt, þá heyrist það líka. Og er það ljótt bergmál.